

Vökvasöfnun undir húð eftir brottám á brjósti og eitlum

Vökvasöfnun á aðgerðarsvæði er algeng eftir brottám á brjósti og eitlum í hólhönd. Vökvinn er blóðvökvi sem kemur frá sogæðakerfinu og vefjum á aðgerðarsvæðinu. Venjulega streymir vökvinn með sogæðunum í gegnum eitla og aftur inn í blóðrásina. Þegar skorið er á sogæðar eða eitlar fjarlægðir, getur hann safnast fyrir undir húðinni. Þetta er sami vökvi og kemur ef blaðra sem myndast á húð rofnar.

Drenslöngur

Til að veita blóðvökvanum af aðgerðarsvæðinu eru settar drenslöngur, ein eða fleiri. Drenslanga er fjarlægð þegar 30-50 ml eða minna koma í drepokann á sólarhring. Hún er þó yfirleitt ekki látin vera lengur en í 7-10 daga vegna sýkingarhættu. Stundum þarf drenslanga að vera lengur og eru í þeim tilfellum gefin sýklalyf (töflur) samhliða til að minnka hættu á sýkingu.

Meðferð við vökvasöfnun

Þegar búið er að fjarlægja drenslöngu getur blóðvökvinn safnast fyrir undir húðinni á aðgerðarsvæðinu. Það er mismunandi hvað vökvamyndunin er mikil og hve lengi hún stendur yfir en það getur verið frá nokkrum dögum og upp í nokkrar vikur, jafnvel lengur.

- Ef vökvasöfnunin er lítil og veldur ekki óþægindum er ekki ástæða til að tæma vökvann út, líkaminn sér sjálfur um að losa sig við hann.
- Ef vökvasöfnunin er mikil og veldur þrýstingi, verkjum eða öðrum óþægindum á aðgerðarsvæðinu, er hægt að fjarlægja vökvann með ástungu, sem gerð er við sótthreinsaðar aðstæður af hjúkrunarfræðingi eða lækni. Ástungan er venjulega sársaukalaus vegna dofa á aðgerðarsvæðinu.

Mikilvægt er að muna að vökvasöfnunin er ekki hættulegt ástand, þótt hún geti valdið óþægindum.

Ef áhættusamt að fjarlægja vökvann?

Því fylgir lítil áhætta að fjarlægja vökvann. Þó er einhver hættu á sýkingu við að rjúfa húðina með nál, en það er sjaldgæft.

Hvað á að gera ef vökvasöfnun er á aðgerðarsvæðinu?

Ef áhyggjur gera vart við sig eða ósk er um að láta meta aðgerðarsvæðið með tilliti til vökvasöfnunar, er velkomið að hafa samband við brjóstamiðstöð Landspítala í síma 543 9560 á virkum dögum frá kl. 8-16.